

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps
Bakka 1
765 Djúpavogi

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2019
Tilv.: SRN19010041/4.11.3

Efni: 66. gr. sveitarstjórnarlaga - Miklar fjárfestingar og skuldbindingar – Fjárhagsáætlun
2019.

Í 66. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um miklar fjárfestingar og skuldbindingar en þar segir:

„Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærrí fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærrí fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.

Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.“

Við yfirferð eftirlitsnefndarinnar á fjárhagsáætlun 2019 var ofangreint ákvæði m.a. haft í huga. Samkvæmt upplýsingum úr sjóðstreymi fjárhagsáætlunar verður ekki annað séð en hlutfall fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á móti skatttekjum (innifelur framlög Jöfnunarsjóðs) sé hærra en 20%. Í þessu samhengi er rétt að benda á að eftirlitsnefndin lítur svo á að ákvæðið eigi við um einstaka fjárfestingu eða fjárfestingar sem eru háðar eða tengdar hverri annarri, sem tekin er ákvörðun um á fjárhagsárinu.

Í ljósi ofangreindra atriða óskar eftirlitsnefndin eftir upplýsingum sveitarstjórnar um hvort einhver þeirra áætluðu fjárfestinga sem fram koma í fjárhagsáætlun 2019 falli undir ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga. Ef svo er óskar eftirlitsnefndin eftir því að fá sent afrit af sérstöku

mati á áhrifum fjárfestingarinnar á fjárhag sveitarfélagsins til samræmis við ákvæði 66. gr.

Svör vegna fyrirspurnar þessarar óskast send nefndinni að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar en þó eigi síðar en 45 dögum eftir dagsetningu bréfs þessa.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Þórir Ólafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson